



LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

# (GK) **Reglur um gæðingakeppni**





## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI EFNISYFIRLIT

1	Formáli	4
1.1	Markmið	4
1.2	Vilji	4
1.3	Taktur og samræmi	4
1.4	Framtak og gangrými	4
1.5	Fas og hreyfingarfeður	4
2	Dómsatriði í gæðingakeppni	5
2.1	Fet	5
2.2	Brokk	5
2.3	Hægt tölt	5
2.4	Greitt tölt	5
2.5	Stökk	5
2.6	Tölt A-flokkur	5
2.7	Skeið	5
2.8	Vilji	5
2.9	Fegurð í reið	5
3	Um keppnishesta, sýnendur og búnað	6
3.1	Keppnisréttur og skráning	6
3.2	Sýnandi, búnaður hests og knapa	6
3.3	Fyrirmæli	6
3.4	Hrekkir og fleira	6
3.5	Aflestur örmerkis	6
4	Um framkvæmd keppni	7
4.1	Framkvæmd keppni	7
4.2	Vallarstærð	7
5	Reglugerð LH fyrir einkunnaútreikning í gæðingakeppni	8
5.1	Reikniregla um uppgjör dóma	8
5.2	Verkefni	8
5.2.1	A-flokkur gæðinga	8
5.2.2	B-flokkur gæðinga	8
5.2.3	C flokkur gæðinga	9
5.2.4	C1 flokkur gæðinga	9
6	Um úrslitakeppni gæðingakeppninnar	10
6.1	Þátttökuréttur í úrslitakeppni	10
6.2	Framkvæmd úrslitakeppni	10
6.2.1	Alhliða hestar – A-flokkur	10
6.2.2	Klárhestar með tölti – B-flokkur	10
6.2.3	C flokkur gæðinga	11
6.2.4	C1 flokkur gæðinga	11
6.2.5	Hestar jafnir eftir úrslit	11
6.3	Keppnisröð á stórmótum	11
7	Reglugerð LH um barna-, unglina- og ungmennakeppni	12
7.1	Keppendur í yngri flokkum	12
7.2	Keppnishesturinn í yngri flokkum	12
7.3	Einkunnir í yngri flokkum	12
7.4	Verkefni yngri flokka	12
7.4.1	Barnaflokkur	12
7.4.2	Unglingaflokkur	12



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI EFNISYFIRLIT

7.4.3	Ungmennaflokkur – B-flokkur	12
7.4.4	Ungmennaflokkur – A-flokkur	12
7.5	Keppnisréttur í úrslitum yngri flokka	13
7.6	Framkvæmd úrslita í yngri flokkum	13
7.6.1	Úrslitakeppni – barnaflokkur	13
7.6.2	Úrslitakeppni – unglingsflokkur	13
7.6.3	Úrslitakeppni – B flokkur ungmenna	13
7.6.4	Úrslitakeppni – A flokkur ungmenna	13
8	Reglur LH um gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum	14
8.1	Sérstök forkeppni	14
8.1.1	B-Flokkur gæðinga	15
8.1.2	A-Flokkur gæðinga	15
8.1.3	Barnaflokkur	15
8.1.4	Unglingsflokkur	15
8.1.5	Ungmennaflokkur	15
9	Reglur um gæðingatölt	16
9.1	Gæðingatölt – fullorðinsflokkur	16
9.1.1	Gæðingatölt – fullorðinsflokkur - forkeppni	16
9.1.2	Gæðingatölt – fullorðinsflokkur - úrslitakeppni	16
9.2	Verkefni yngri flokka	16
9.2.1	Gæðingatölt – barnaflokkur - forkeppni	16
9.2.2	Gæðingatölt – unglingsflokkur - forkeppni	16
9.2.3	Gæðingatölt – ungmennaflokkur - forkeppni	17
9.3	Framkvæmd úrslita í yngri flokkum	17
9.3.1	Úrslitakeppni – gæðingatölt – barnaflokkur	17
9.3.2	Úrslitakeppni – gæðingatölt – unglingsflokkur	17
9.3.3	Úrslitakeppni - gæðingatölt – ungmennaflokkur	17



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 1. Formáli

#### 1.1 Markmið

Markmið gæðingakeppninnar er að finna besta reiðhestinn. Við þá leit ber dómurum ávallt að hafa í huga eftirfarandi höfuðforsendur:

#### 1.2 Vilji

Fyrsta og mikilvægasta atriðið gæðingadóms er vilji/fjör reiðhestsins með öllu því skapgerðarívafi sem myndar viljann. Vilji og geð þarf að vera þannig að aðrir kostir hestsins nýtist sem best en má ekki verða til að spilla fyrir þeim. Mest sé metið það fjör sem án verulegrar viðkvæmni lætur allt í té af ljúfu geði og örlæti.

#### 1.3 Taktur og samræmi

Taktur gangsins er mjög mikilvægt atriðið í dómi. Þess skal þó grandvarlega gætt að takturinn einn gefur ganginum ekki það hljómfall sem þarf til að skapa gæðing. Taktur, þó hreinn sé, ef sleginn er á stirða strengi hefur ekki þann seiðmjúka klið sem veitir reiðmanninum þann unað sem fátt jafnast á við. Taktinum þarf að fylgja fjaðurmagn og múkt. Stíll, taktur og samræmi í hreyfingum sé ávallt metið með það í huga hversu vel það skilar sér í kostum hestsins til reiðar að mati dómara.

Dæmi: Lyfting og snerpa sem eykur fjaðurmagn, framtak og múkt, gefur hærri einkunn. Telji dómari að hestur sé hins vegar: ofreistur, ósamræmi í hreyfingum og fjaðurmagn lítið, hesturinn allur stífur og vélrænn, dregur það niður einkunn.

#### 1.4 Framtak og gangrými

Gripamikið og skörulegt framtak ber að meta hátt og því fremur ef saman fer fasmikil og fögur fótlyfta. Einkum skal gæta vel að samræmi í hreyfingum fram og afturfóta og meta til hækkunar eða lækkunar eftir sjónmati dómara. Ýkta fótlyftu sem jafnvel dregur úr framtaki og þrengir gangrými ber að meta til lækkunar á einkunn.

#### 1.5 Fas og hreyfingarfeegurð

Glæsilegt og stolt fas með svifléttum, fjaðurmögnum og kjarklegum hreyfingum er aðalsmerki á góðum reiðhesti og lyftir einkunn hans verulega. Í gamalli reglugerð um reiðhesta segir: „Hreyfingar reiðhestsins eiga að vera léttar, fjaðurmagnaðar, háar, svífmiklar, hreinar, sniðfastar og frjálssar.“ Þessi lýsing er enn í fullu gildi og ber að fordæma allt sem rænir hestinn fjaðurmagni og frjálssu fasi, svo sem ýktan fótaborð, sem ekki er í samræmi við aðrar hreyfingar hestsins. Á þessum grundvallaratriðum skal gæðingadómur byggjast.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 2 Dómsatriði í gæðingakeppni

#### 2.1 Fet

Sýna skal fet að minnsta kosti þrjá fjórðu úr langhlið til að fá meðaleinkunn eða hærra.

#### 2.2 Brokk

Til að hreyfa einkunn skal hesturinn brokka a.m.k. 10 hestlengdir samfelld og til að fá meðaleinkunn eða hærra skal hann brokka eina langhlið hringvallarins.

#### 2.3 Hægt tölt

Sýna skal hægt tölt samfelld eina langhlið keppnisvallarins til að hljóta meðaleinkunn eða hærra.

#### 2.4 Greitt tölt

Sama skilgreining og á hægu tölti nema hraðinn nokkuð yfir milliferðahraða til að ná meðaleinkunn eða hærra.

#### 2.5 Stökk

Stökk skal sýna minnst heila langhlið hringvallar til að fá meðaleinkunn eða hærra. Hesturinn skal stökkva af snerpu og mjúkt í góðu jafnvægi með hreinum takti, svífa vel. Taka stökkið mjúklega og hæga stökkferðina án stífni og átaka.

#### 2.6 Tölt A-flokkur

Frjáls hraði.

#### 2.7 Skeið

Til að hljóta meðaleinkunn eða hærra skal hesturinn fara á hreinu skeiði minnst 100m. Til að hljóta hæstu einkunn á hesturinn að taka skeið af snarpri stökkferð, skeiða flugskeið heilan sprett af mikilli snerpu án mistaka, niðurtaka átakalaus og mjúk, endar sprettinn vel.

#### 2.8 Vilji

Dómstriðið "vilji" telur til þeirra þátta í fari hestsins sem snerta skap hans og geð, s.s. fjör, kjark, snerpu, hlýðni og fylgni í reið.

#### 2.9 Fegurð í reið

Það á fyrst og fremst við fegurð hestsins í reið s.s. líkamsbyggingu, höfuðburðar og uppsetningu, hreyfingu og fas, auk aðlögunar hestsins að stjórnun knapans. Þá ber einnig að líta á hátterni knapans, s.s. búnað, ásetu, taumhald og allt stjórnunarsamband við hestinn.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 3 Um keppnishesta, sýndur og búnað

#### 3.1 Keppnisréttur og skráning

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll tamin hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan LH, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Ekki er heimilt að skrá 5v hesta í fleiri en tvær keppnisgreinar eða sýningar á sama móti.

Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert almanaksár. Hann skal vera skráður í eigu félagsmanns í því félagi í síðasta lagi þann dag sem skráningu lýkur á mótið. Þetta gildir einnig í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum. Undantekning er keppni eða sýningar í fjáröflunarskyni.

Heimilt er að skrá hesta í eigu hestabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarfélaga LH, enda sé formaður búsins, eða einhver eigandi þess, félagsmaður í viðkomandi félagi. Ef um fjöleignafélag er að ræða skal við skráningu tilgreina hvaða eigandi er ábyrgur fyrir skráningunni. Hestum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags, þ.e. með sama hætti og gildir um hesta almennra félagsmanna.

Hross, sem taka þátt í kynbótasýningu, eiga ekki þátttökurétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskyldu að hross sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi, hafa þó rétt til þeirrar þátttöku.

#### 3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa

Þegar gæðingur kemur fyrir dómnefnd, skal eigandi sjálfur, eða sá er hann kveður til, sitja hestinn í dómi. Í gæðingakeppni vísast til reglugerðar um almennar reglur um keppni um allan útbúnað knapa og hests.

Í gæðingakeppni er þískur einungis leyfður í barna- og unglingaflokki og C-flokki gæðinga.

#### 3.3 Fyrirmæli

Keppandi skal hlíta fyrirmælum dómara (dómnefndar) og mótsstjórnar í öllu er að keppni lýtur. Neiti hann að hlíta settum reglum, ber yfirdómnefnd að vísa honum þegar frá keppni og skal það gert án undantekningar. Þó skal forsvarsmanni hests heimilt að útvega annan knapa, ef dómnefnd samþykkir.

#### 3.4 Hrekkir og fleira

Hestar, sem sýna hrekkni, fælni, kergju eða aðra viðlíka ókosti, skal vísa úr keppni.

Hlaupi hestur út af ógirtri keppnisbraut með alla fjóra fætur eða stígi með fót yfir snúru eða grindverk sem afmarkar braut, skal honum vísað frá keppni, nema að augljós utanaðkomandi atvik valdi.

Falli keppandi af baki í keppni, fellur parið úr leik í viðkomandi grein.

#### 3.5 Aflestur örmerkis

Mótshaldarar skulu sannreyna með aflestri örmerkis að skráður hestur sé mættur til keppni.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 4 Um framkvæmd keppni

#### 4.1 Framkvæmd keppni

Á innanfélags- og smærri mótum hefst forkeppnin á því að hestunum er riðið í dóm, einum í einu, eftir skráningarröð. Mótstjórn er þó heimilt að leyfa 3-5 hesta í dómi í einu, samkvæmt sérstökum reglum LH um gæðingakeppni (sjá kafla 7.8).

Keppnin hefst á miðri skammhlið og skal keppandi ríða stystu leið, er hann kemur inn á völlinn, að byrjunarskammhlið sinni. Hann gefur síðan til kynna með greinilegri höfuðhneigingu að hann hafi hafið keppni.

Keppanda er frjálst að sýna gangtegingur í þeirri röð sem hann kys. Hann ræður upp á hvora höndina hann hefur keppni og má skipta einu sinni um hönd í sýningu, þá á skammhlið. Keppandi hefur 3 hringi til umráða, þ.e. 6 langhliðar. Í A flokki er heimilt að nota beinu brautina einu sinni, í stað einnar langhliðar á hringvelli. Endi knapi sýningu á beinni braut, skal hann eftir 2,5 hring, enda hringvallarsýninguna á skammhlið og ríða svo ferjuleið út á enda beinu brautarinnar. Noti sýnandi beina braut áður en hann hefur lokið 2,5 hringjum á hringvelli, fer hann af miðri skammhlið, ferjuleið á enda beinnar brautar. Eftir að hafa farið beinu brautina ber honum að ríða inn á hringvöllinn ferjuleið á næstu skammhlið og ljúka svo sýningu á skammhlið. Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik. Endi keppandi sýningu á beinni braut, endar hann sýninguna við enda beinu brautarinnar. Knapi skal gefa til kynna með greinilegri höfuðhreyfingu að hann hafi lokið keppni.

Eftir að hafa lokið síðasta sýningaratriði verður knapi að hafa hægt á hesti sínum niður á fet fyrir miðja næstu langhlið. Riðið skal stystu leið út af hringvelli, að teknu tilliti til þess hvar hestur er kominn niður á fet eftir sýningu.

Dómarar gefa hestunum einkunn fyrir hvert dæmt atriði með spjöldum sem stjórnandi les. Heimilt er að sýna einungis heildareinkunn hests að lokinni keppni hans. Þá skal sýna útprentað á blaði sundurliðun einkunna hvers hests og röð keppenda eftir einkunnum, strax að lokinni hverri keppnisgrein.

Á lands- og fjórðungsmótum skal sýna röð keppenda eftir einkunnum á tölvuskjá að loknum dómi hvers hests.

#### 4.2 Vallarstærð

Gæðingakeppni skal fara fram á 300 m hringvelli með samliggjandi beinni skeiðbraut a.m.k. 175 m langri. Þó er heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut.

Leyfilegir vellir eru:

- *B-laga vellir, með samliggjandi beinni braut*
- *A-laga vellir, með samliggjandi beinni braut*
- *Sérafmarkaðir hringvellir með aðliggjandi beinni braut.*

Vellina skal afmarka með girðingum eins og þurfa þykir.

Á landsmóti skal keppt á 300 m hringvelli.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 5 Reglugerð LH fyrir einkunnaútreikning í gæðingakeppni

#### 5.1 Reikniregla um uppgjör dóma

Dómarar birti einkunnir með 2 aukastöfum þegar aðaleinkunn er birt og skal meðaleinkunn keppenda birt þannig. Reikna skal einkunn og gera út um sætaröðum með þriðja aukastaf. Þessi regla gildir um alla flokka gæðingakeppninnar.

#### 5.2 Verkefni

##### 5.2.1 A-flokkur gæðinga

Hestur sem tekur þátt í A-flokki gæðinga getur ekki tekið þátt í öðrum A-flokki gæðinga, né neinum B- eða C-flokki gæðinga á sama móti.

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut sbr. ákvæði 1.4.1.

Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lágsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

##### Alhliða hestar (A-flokkur)

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Fetgangur	5-10	1
2. Brokk	5-10	1
3. Tölt	5-10	2
4. Stökk	5-10	1
5. Skeið	5-10	2
6. Vilji	5-10	2
7. Fegurð í reið	5-10	2

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 11. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 33 séu 3 dómarar að dæma en 55 séu fimm dómarar að dæma.

##### 5.2.2 B-flokkur gæðinga

Hestur sem tekur þátt í B-flokki gæðinga getur ekki tekið þátt í öðrum B-flokki gæðinga, né neinum A- eða C-flokki gæðinga á sama móti.

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og greitt tölt. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lágsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

##### Klárhestar með tölti (B-flokkur)

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Fetgangur	5-10	1
2. Brokk	5-10	1
3. Hægt tölt	5-10	1
4. Stökk	5-10	1
5. Greitt tölt	5-10	1
6. Vilji	5-10	2
7. Fegurð í reið	5-10	2

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 9. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 27 séu 3 dómarar að dæma en með 45 séu fimm dómarar að dæma.





## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 5.2.3 C flokkur gæðinga

Knapi og hestur sem keppa í C flokki geta ekki líka keppt í A eða B flokki á sama móti. Ekki skal keppt í C flokki á Landsmótum. Þessi flokkur er hugsaður fyrir minna vana keppendur. Þessi grein er hringvallargrein. Þískur er leyfður í þessari grein.

Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og/eða brokk og stökk. Sýni keppandi bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundin notuð. Einkunnir skulu gefnar á gæðingaskala frá 5-10, þar sem talan 5 er grunntala og jafngildir núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða.

#### C Flokkur

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Fetgangur	5-10	1
2. Brokk og/eða tölt	5-10	1
3. Stökk	5-10	1
4. Vilji	5-10	1
5. Fegurð í reið	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 5. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 15 séu 3 dómara að dæma en 25 séu 5 dómara að dæma.

### 5.2.4 C1 flokkur gæðinga

Knapi og hestur sem keppa í C1 flokki geta ekki líka keppt í A eða B flokki á sama móti. Ekki skal keppt í C1 á Landsmótum. Þessi flokkur er hugsaður fyrir minna vana keppendur. Þessi grein er hringvallargrein. Þískur er leyfður í þessari grein.

Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og brokk. Einkunnir skulu gefnar á gæðingaskala frá 5-10, þar sem talan 5 er grunntala og jafngildir núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða.

#### C1 flokkur

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Fetgangur	5-10	1
2. Brokk	5-10	1
3. Tölt	5-10	1
4. Vilji	5-10	1
5. Fegurð í reið	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 5. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 15 séu 3 dómara að dæma en 25 séu 5 dómara að dæma.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 6 Um úrslitakeppni gæðingakeppninnar

#### 6.1 Þátttökuréttur í úrslitakeppni

Á félagsmótum skulu þeir hestar, sem hæstar einkunnir hafa hlotið í forkeppni, koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð hestanna í úrslitakeppni.

Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir hestar og verðlaun eiga að hljóta. Á landsmótum hafa mótshaldarar heimild til að hafa bæði A og B úrslit í öllum flokkum. Í A-úrslitum keppi hestar í 1. til 7. sæti í forkeppni en í B-úrslitum hestar sem náð hafa 8. til 15. sæti í forkeppni. Efsti hestur í B-úrslitum fær keppnisrétt í A-úrslitum. Á fjórðungs og stórmótum hafa 8 hestar þátttökurétt í öllum flokkum.

Á öðrum mótum eiga 5 eða 3 hestar þátttökurétt. Forfallist hestur, öðlast fyrsti varahestur úr forkeppninni þátttökurétt. Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer á báðum hliðum t.d. á stígvélum.

Á öðrum hestamótum en lands- fjórðungs- og stórmótum, má viðhafa svona form á úrslitakeppni, ákveði viðkomandi framkvæmdanefnd svo.

#### 6.2 Framkvæmd úrslitakeppni

Hestunum er riðið samtímis, með ákveðnu millibili, í dómhring.

Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur nema í skeiði í A-flokki.

Stjórnandi skal gæta þess að þegar skipt er um hönd á brokki í unglingsflokki, A- og B-flokki ungmenna og A- og B-flokki fullorðinna skal gefa einnar mínútu hvíld. Þegar skipt er um hönd á yfirferðargangi skal gefa tveggja mínútna hvíld.

Í A og B flokki er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinileg númer á báðum hliðum, t.d. á stígvélum.

##### 6.2.1 Alhliða hestar – A-flokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- *Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að tveim hringjum til hvorrar handar.*
- *Sýna skal brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar.*
- *Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.*

Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

##### 6.2.2 Klárhestar með tölti – B-flokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- *Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.*
- *Sýna skal brokk, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.*
- *Þá skal sýna greitt tölt á langhliðum, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.*
- *Þegar skipt er um hönd á brokki skal gert hlé í eina mínútu og þegar skipt eru um hönd á greiðu tölti skal gert hlé í tvær mínútur. Í hléunum skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirsmæla.*

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirsmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 6.2.3 C flokkur gæðinga

Úrslit skula fara þannig fram:

- *Tölt eða brokk skal sýna allt að tveimur hringjum til hvorrar handar. Knapi skal velja hvort hann sýni tölt eða brokk, ekki má sýna bæði*
- *Sýna skal fet, allt að einum hring upp á hvora hönd*
- *Sýna skal fet, allt að einum hring upp á hvora hönd*
- *Sýna skal tvo spretti á stökki, einn í einu með hraðaaukningu og mjúkri niðurhægingu. Keppendur safnist saman á skammhlið og koma sér saman um, í samráði við stjórnanda, á hvorri langhliðinni stökk skal sýnt.*
- *Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn og í lokin fyrir vilja og fegurð í reið.*
- *Á milli atriða og þegar skipt er um hönd, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.*
- *Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.*

### 6.2.4 C1 flokkur gæðinga

Úrslit skula fara þannig fram:

- *Tölt skal sýna allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.*
- *Brokk skal sýna allt að tveimur hringjum til hvorrar handar*
- *Sýna skal fet, allt að einum hring upp á hvora hönd*
- *Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn og í lokin fyrir vilja og fegurð í reið.*
- *Á milli atriða og þegar skipt er um hönd, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.*
- *Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.*

### 6.2.5 Hestar jafnir eftir úrslit

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í efsta sæti eftir úrslit skulu dómara sýna röðun byggða á einkunnum sem þeir gáfu áður. Einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni. Ef hestar eru jafnir í öðru sæti en því fyrsta, deila þeir með sér sætinu. Hlutkesti ræður úthlutun verðlauna.

Íslensk sérregla: Verði knapar jafnir í einhverju öðru sæti en því fyrsta og það sæti skiptir máli í annarri keppni svo sem um Íslandsmeistararitil eða innanfélagstítill skal nota sömu aðferð, þ.e. dómara sýni sætaröðun byggða á einkunnum gefnum í úrslitum þar sem einungis má nota fyrsta sætið einu sinni.

### 6.3 Keppnisröð á stórmótum

Í gæðingakeppni og keppni í yngri aldursflokkum á lands- og fjórðungsmótum, er keppnisröð hesta ákveðin með útdrætti, sem framkvæmdanefnd annast. Keppendum eða fulltrúum þeirra er heimilt að vera viðstaddir útdráttinn.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 7 Reglugerð LH um barna-, unglinga- og ungmennakeppni

#### 7.1 Keppendur í yngri flokkum

Keppnin fer fram í þremur aldursflokkum, flokki barna, unglinga og ungmenna. Aldur keppenda miðast við almanaksárið, þannig að í barnaflokki eru þeir sem verða 10-13 ára á keppnisárinu, í unglingaflokki sem verða 14-17 ára á keppnisárinu og í ungmennaflokki sem verða 18-21 árs á keppnisárinu. Aldurstakmörk fyrir barnaflokk eru bindandi, þ.e. þótt ekki sé boðið upp á pollaflokk mega yngri knapar ekki keppa í barnaflokki. Ekki er keppt í pollaflokki á Landsmóti.

Í þessum yngri flokkum er það ekki hesturinn, heldur knapinn, sem vinnur til verðlauna.

#### 7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum

Keppandi í barna- unglinga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Hann skal svo tilkynna sínu félagi hvaða hest hann hyggst fara með á Landsmót áður en skráningarfræsti á viðkomandi Lands-, fjórðungs- eða stórmót lýkur, óháð því hvað hesti hann ríður í úrslitum. Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki.

Sá hestur, sem keppandi í barna- unglinga- eða ungmennaflokki mætir með í keppni, verður að vera í eigu aðalfélaga sama félags og keppandinn er í.

Forfallist skráður hestur keppanda á lands-, fjórðungs- eða stórmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða.

#### 7.3 Einkunnir í yngri flokkum

Einkunnagjöf skal hagað þannig að gefin er sér einkunn fyrir hverja gangtegund, þær síðan lagðar saman og deilt í með fjölda þeirra. Fæst þannig meðaleinkunn. Þá skal gefa sérstaka einkunn í lokin fyrir stjórnun og ásetu í barna- og unglingaflokkum.

#### 7.4 Verkefni yngri flokka

##### 7.4.1 Barnaflokkur

Ríðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og/eða brokk og stökk. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

##### 7.4.2 Unglingaflokkur

Ríðnir skulu þrjú hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og yfirferðargangur, þ.e. annað hvort tölt eða brokk á langhliðum.

##### 7.4.3 Ungmennaflokkur – B-flokkur

Ríðnir skulu þrjú hringir og sýnt fet, hægt tölt, brokk, stökk og greitt tölt á langhliðum. Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

##### 7.4.4 Ungmennaflokkur – A-flokkur

Ríðnir skulu þrjú hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut, sbr. ákvæði 1.4.3. Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við.

Einfalt vægi er á einkunnum fyrir vilja, fegurð í reið, tölt og skeið.

Ekki skal keppa í ungmennaflokki A-flokki á landsmótum.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 7.5 Keppnisréttur í úrslitum yngri flokka

Á félagsmótum skulu þeir keppendur, sem hæstar einkunnir hafa hlotið í forkeppni, koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð keppenda í úrslitakeppninni. Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir knapar og verðlaun eiga að hljóta.

Framkvæmdanefnd sér um að allir keppendur beri greinileg númer á báðum hliðum t.d. á stígvélum.

### 7.6 Framkvæmd úrslita í yngri flokkum

Hestunum er riðið samtímis, en með ákveðnu millibili, í dóm. Stjórnandi segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur.

#### 7.6.1 Úrslitakeppni – barnaflokkur

Tölt og/eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð. Stökk skal sýna tvo spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurbægingu. Keppendur safnist saman á skammhlið og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina ríða skal.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og fyrir stjórnun og ásetu.

#### 7.6.2 Úrslitakeppni – unglíngaflokkur

Hægt tölt, brokk, yfirferð á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk. Minnst tvo hringi til hvorrar handar. Í báðum flokkum skal meta ásetu í úrslitakeppni.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu. Stjórnun og áseta í unglíngaflokki gildir eins og ein gangtegund.

#### 7.6.3 Úrslitakeppni – B flokkur ungmenna

Hægt tölt, brokk, greitt tölt á langhliðum. Minnst tveir hringir til hvorrar handar.

Í ungmennaflokki er gefin einkunn eftir hverja gangtegund fyrir hvern keppanda og í lokin fyrri fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

#### 7.6.4 Úrslitakeppni – A flokkur ungmenna

Úrslit skulu fara þannig fram:

- *Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að tveim hringjum til hvorrar handar.*
- *Sýna skal brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar.*
- *Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.*

Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda. Öll atriði vega einfalt.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 8 Reglur LH um gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum

#### 8.1 Sérstök forkeppni

Forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að þrír til fimm hestar eru í dómi á hringvellingum í einu. Til að hljóta meðaleinkun eða meira skal sýna að að lágmarki tvær langhliðar á hverri gangtegund sem beðið er um, fyrir utan skeið.

Æskilegt er að áður en forkeppni hefst skuli minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, ríðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara.

Að forkeppni lokinni skulu að lágmarki 30 efstu hestar halda áfram í milliriðil. Þó aldrei fleiri en helmingur heildarþátttakenda. Dregið skal um röð keppenda.

Úrslitakeppnin skal fara fram a.m.k. degi síðar en forkeppnin og milliriðillinn.

Framkvæmdanefnd dregur um um röð keppenda.

Knapi skráir upp á hvora hönd hann vill ríða sérstaka forkeppni.

Hestmannafélgöin taki það fram í sínum skráningum á Landsmót upp á hvora hönd hver knapi vill ríða.

Komi varahestur inn skal hann sýna upp á sömu hönd og sá sem hann kemur í staðinn fyrir.

Áður en skráning telst endanleg skal hún birt á netmiðlum til yfirlestrar og geta knapar þá komið að leiðréttingum, hafi þeir skráðst á ranga hönd. Eftir að þeim fresti lýkur er ekki unnt að skipta um hönd.



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 8.1.1 B-Flokkur gæðinga

Þrjú til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- *Allt að tveir hringir hægt tölt*
- *Allt að tveir hringir brokk frjáls hraði*
- *Allt að tveir hringir greitt tölt á langhliðum*
- *Vilji x 2*
- *Fegurð í reið x 2*
- *Deilitala fyrir dómara er 7*

### 8.1.2 A-Flokkur gæðinga

Þrjú til fimm hestar inni á hringvellingum í einu.

- *Allt að tveir hringir tölt x 2*
- *Allt að tveir hringir brokk frjáls hraði*
- *Ein umferð skeið, einn og einn í einu x 2*
- *Vilji x 2*
- *Fegurð í reið x 2*
- *Deilitala fyrir dómara er 9*

### 8.1.3 Barnaflokkur

Þrjú til fimm hestar inni á hringvellingum í einu

- *Allt að tveir hringir brokk og/eða tölt*
- *Stjórnun og áseta x 1*
- *Tvær umferðir stökk, betri ferð gildir til einkunnar*
- *Stjórnun og áseta x 1*
- *Deilitala fyrir dómara er 4*

### 8.1.4 Unglingaflokkur

Þrjú til fimm hestar inni á hringvellingum í einu

- *Allt að tveir hringir hægt tölt*
- *Allt að tveir hringir brokk frjáls hraði*
- *Allt að tveimur umferðum yfirferðargangur á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk*
- *Stjórnun og áseta*
- *Deilitala fyrir dómara er 4*

### 8.1.5 Ungmennaflokkur

Þrjú til fimm hestar inni á hringvellingum í einu

- *Allt að tveir hringir hægt tölt*
- *Allt að tveir hringir brokk, frjáls hraði*
- *Allt að tveir hringir greitt tölt á langhliðum*
- *Fegurð í reið*
- *Vilji*
- *Deilitala fyrir dómara er 5*



## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 9 Reglur um gæðingatölt

#### 9.1 Gæðingatölt – fullorðinsflokkur

##### 9.1.1 Gæðingatölt – fullorðinsflokkur - forkeppni

Ríðnir skulu tveir hringir. Sýna skal hægt tölt 1 hringur, snúið við og sýnt tölt frjáls ferð 1 hringur. Sýningu skal stjórnað af þul ef tveir eða fleiri eru inni á hringvellinum í einu. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Hægt tölt	5-10	1
2. Tölt frjáls ferð	5-10	1
3. Fegurð í reið	5-10	1
4. Vilji	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 4. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómþalli með 12 séu 3 dómara að dæma en með 20 séu fimm dómara að dæma.

##### 9.1.2 Gæðingatölt – fullorðinsflokkur - úrslitakeppni

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálsri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálsri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skulu knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyriræla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyriræla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

#### 9.2 Verkefni yngri flokka

##### 9.2.1 Gæðingatölt – barnaflokkur - forkeppni

Ríðnir skulu tveir hringir. Sýna skal hægt tölt 1 hringur, snúið við og sýnt tölt frjáls ferð 1 hringur. Sýningu skal stjórnað af þul ef tveir eða fleiri eru inni á hringvellinum í einu. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Hægt tölt	5-10	1
2. Stjórnun og áseta	5-10	1
3. Tölt frjáls ferð	5-10	1
4. Stjórnun og áseta	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 4. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómþalli með 12 séu 3 dómara að dæma en með 20 séu fimm dómara að dæma.

##### 9.2.2 Gæðingatölt – unglingsflokkur - forkeppni

Ríðnir skulu tveir hringir. Sýna skal hægt tölt 1 hringur, snúið við og sýnt tölt frjáls ferð 1 hringur. Sýningu skal stjórnað af þul ef tveir eða fleiri eru inni á hringvellinum í einu. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Hægt tölt	5-10	1
2. Stjórnun og áseta	5-10	1
3. Tölt frjáls ferð	5-10	1
4. Stjórnun og áseta	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 4. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómþalli með 12 séu 3 dómara að dæma en með 20 séu fimm dómara að dæma.





## REGLUR UM GÆÐINGAKEPPNI

### 9.2.3 Gæðingatölt – ungmennaflokkur - forkeppni

Riðnir skulu tveir hringir. Sýna skal hægt tölt 1 hringur, snúð við og sýnt tölt frjáls ferð 1 hringur. Sýningu skal stjórnað af þul ef tveir eða fleiri eru inni á hringvellinum einu. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Hægt tölt	5-10	1
2. Tölt frjáls ferð	5-10	1
3. Fegurð í reið	5-10	1
4. Vilji	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 4. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómþalli með 12 séu 3 dómara að dæma en með 20 séu fimm dómara að dæma.

## 9.3 Framkvæmd úrslita í yngri flokkum

### 9.3.1 Úrslitakeppni – gæðingatölt – barnaflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálsri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálsri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skulu knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyriræla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyriræla frá stjórnanda.

Eftir hvert atriði er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og fyrir stjórnun og ásetu fyrir hvert atriði. Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

### 9.3.2 Úrslitakeppni – gæðingatölt – unglingsflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálsri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálsri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skulu knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyriræla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyriræla frá stjórnanda.

Eftir hvert atriði er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og fyrir stjórnun og ásetu fyrir hvert atriði. Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

### 9.3.3 Úrslitakeppni - gæðingatölt – ungmennaflokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tölt með frjálsri ferð, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á tölti með frjálsri ferð skal gert hlé í eina mínútu. Í hléi skulu knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyriræla.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyriræla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.